

Ísland í evrópsku upplýsingasamfélagi 2006

*The Icelandic Information Society in a European context
2006*

Samantekt Að meðaltali voru tölur á 62% heimila í aðildarlöndum Evrópusambandsins og 51% þarandra heimila höfðu tengingu við internet árið 2006. Það ár höfðu 84% íslenskra heimila tölvu og 83% voru tengd interneti. Nærri níu af hverjum tíu nettengdum íslenskum heimilum nota hraðvirka internettengingu á móti 62% nettengdra heimila í aðildarlöndum Evrópusambandsins.

Notkun tölvu og internets er afar útbreidd hér á landi en árið 2006 notuðu 90% Íslendinga á aldrinum 16–74 ára tölvu og 88% þeirra notuðu internet. Á sama tíma notuðu 61% íbúa Evrópusambandsins tölvu og 54% þeirra notuðu internet.

Evrópsk fyrirtæki hafa nær öll innleitt tölur og internet í daglega starfsemi sína. Þannig lá hlutfall evrópskra fyrirtækja með tölvu á bilinu 89–100% árið 2006 og 75–99% evrópskra fyrirtækja voru tengd interneti. Árið 2005 keypti þriðjungur fyrirtækja hér á landi vörur og þjónustu um internet og fimmtungur fyrirtækja seldi vörur og þjónustu á sama máta. Það ár keypti fjórða hvert fyrirtæki í aðildarlöndum Evrópusambandsins vörur og þjónustu um internet og 15% þarandra fyrirtækja seldu eigin vörur og þjónustu á þennan máta.

Samkvæmt könnun fyrirtækisins Capgemini Ernst & Young á gagnvirkri þjónustu hins opinbera frá árinu 2006, var á Íslandi hægt að nálgast 47% þeirra þjónustuliða um internet sem fyrirtækið gerði úttekt á. Til samanburðar var mest framboð á gagnvirkri þjónustu hins opinbera í Austurríki eða 83% en minnst var framboðið í Lettlandi (10%) og í Sviss (11%). Meðaltal ESB-landanna var 50%.

Nær öll fyrirtæki hér á landi höfðu átt í samskiptum við opinbera aðila um internet árið 2006. Það ár höfðu að meðaltali 64% fyrirtækja í ESB-löndunum átt í rafrænum samskiptum við hið opinbera. Hlutfall einstaklinga á aldrinum 16–74 ára sem notuðu internet til samskipta við opinbera aðila var hæst hér á landi árið 2006 eða 61%. Á sama tíma var hlutfallið 24% að meðaltali í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Íslendingar sýna því almennt mikinn áhuga að sækja sér ýmsa opinbera þjónustu um internet.

Hagstofan hefur í annað sinn tekið saman niðurstöður um notkun á upplýsingatækni og interneti í löndum Evrópu. Samantektin byggir á niðurstöðum úr samræmdum könnunum sem gerðar hafa verið í aðildarlöndum Evrópusambandsins¹, Íslandi og Noregi sem og í Búlgaríu, Makedóníu, Rúmeníu og Tyrklandi.

¹ Árið 2006 áttu eftirtalin lönd aðild að Evrópusambandinu: Austurríki, Belgía, Bretland, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Portúgal, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.



Inngangur

Samanburðarhæfar niðurstöður

Um nokkurra ára skeið hafa hagstofur á EES-svæðinu gert árlegar kannanir á notkun heimila, einstaklinga og fyrirtækja á upplýsingatækni. Árið 2004 var sett reglugerð sem skyldar öll aðildarríki EES-svæðisins að gera slíkar kannanir. Við framkvæmdina er notaður samræmdur spurningalisti og samræmd aðferðafræði og er hér því um að ræða fyllilega samanburðarhæfar niðurstöður.

Gagnabanki Eurostat

Tölurnar eru að mestu leyti fengnar úr gagnabanka Eurostat um upplýsingasamfélagið. Gagnabankinn er öllum opin á slóðinni: <http://europa.eu.int/comm/eurostat>, farið er í *Data* og þaðan í efnisflokkinn *Information Society Statistics*. Tölurnar voru sóttar í gagnabankann í janúar 2007.

Tölvur og internet á heimilum

84% íslenskra heimila með tölvu

Árið 2006 voru 84% íslenskra heimila með tölvu á meðan hlutfallið var 62% að meðaltali í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Sjaldgæfast var að heimili í Grikklandi (37%) og Tékklandi (30%) hefðu tölvu (sjá töflu 1).

Flest nettengd heimili á Íslandi, í Hollandi, Danmörku og Svíþjóð

Hæst hlutfall nettengdra heimila í Evrópu er á Íslandi (83%), Hollandi (80%), Danmörku (79%) og Svíþjóð (77%) en lægst er það í Slóvakíu (27%), Grikklandi (23%) og Tékklandi (19%). Að meðaltali var um helmingur heimila í Evrópusambandsríkjunum með tengingu við internet árið 2006 (sjá töflu 1).

Nærri níu af hverjum tíu nettengdum heimilum hér á landi með hraðvirkar tengingar

Á síðastliðnum árum hefur breiðbandstengingum fjölgað mikið hér á landi sem og annars staðar í Evrópu. Árið 2006 voru að meðaltali sex af hverjum tíu nettengdum heimilum í aðildarlöndum Evrópusambandsins með hraðvirka tengingu við internet. Hæst var hlutfall slíkra heimila í Belgíu (89%) en lægst í Grikklandi (17%). Hér á landi höfðu 87% nettengdra heimila hraðvirka internettengingu (sjá töflu 2).

Tölvu- og internetnotkun einstaklinga

Hvað er að vera tölvu- eða internetnotandi?

Tölvu- og internetnotendur teljast þeir vera sem notuðu tölvu eða internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd hvefarrar könnunar.

Einna mest um tölvu- og internetnotendur í norðvesturhluta Evrópu

Mun algengara er að íbúar norðvesturhluta Evrópu noti tölvu og internet en aðrir Evrópubúar. Sér í lagi virðist notkunin vera úbreidd á Norðurlöndum og í Hollandi en árið 2006 notuðu um og yfir 80% íbúa þessara landa á aldrinum 16–74 ára tölvu og internet. Notkunin er útbreiddust hér á landi, þar sem níu af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16–74 ára nota tölvu og 88% nota internet (sjá töflu 3).

Í Evrópusambandslöndunum er tölvunotkun minnst í Grikklandi

Að meðaltali notuðu sex af hverjum tíu íbúum Evrópusambandsins tölvu í byrjun árs 2006. Af aðildarlöndunum er algengast að íbúar Svíþjóðar (87%), Danmerkur (86%) og Hollands (84%) noti tölvu en minnst var um tölvunotendur í Grikklandi eða 38% (sjá töflu 3).

Annar hver íbúi Evrópusambandsins notar internet

Á Norðurlöndum og í Hollandi nota að minnsta kosti átta af hverjum tíu einstaklingum á aldrinum 16–74 ára internet og er notkunin algengust meðal Íslendinga þar sem 88% notuðu internet í byrjun árs 2006. Ríflega annar hver íbúi Evrópusambandsins á aldrinum 16–74 ára notar internet og er notkun þess nokkru algengari í nyrðri hluta Evrópu en þeim syðri. Einn af hverjum þremur íbúum Portúgal, Ítalíu og Kýpur notaði internet árið 2006 (sjá töflu 3).

Mest notkun internets meðal einstaklinga yngri en 45 ára

Mun algengara er að yngra fólk hafi tileinkað sér notkun internets en þeir sem eldri eru. Mikill meirihluti norrænna einstaklinga yngri en 45 ára notar internet að staðaldri eða á bilinu 84–96%. Í Evrópusambandslöndunum er hlutfallið hæst í aldursflokknum 16–24 ára eða 73% (sjá töflu 5).

Meðal einstaklinga í aldurshópnum 45–54 ára liggur notkun internets á Norðurlöndum á bilinu 72–84%. Í Evrópusambandinu er notkun þessa aldurshóps hins vegar að meðaltali 44% (sjá töflu 5).

Þrír af hverjum fjórum einstaklingum á aldrinum 55–64 ára nota internet að minnsta kosti einu sinni í viku hér á landi. Reglubundin internetnotkun meðal annarra Norðurlandabúa í þessum aldurshópi er á bilinu 51–67%. Að meðaltali nota þrír af hverjum tíu íbúum Evrópusambandsins á aldrinum 55–64 ára internet að staðaldri (sjá töflu 5).

Það er líkt með Evrópusambandslöndum og Norðurlöndum að notkun internets er minnst meðal einstaklinga í elsta aldurshópnum. Einn af hverjum tíu íbúum ESB-landa á aldrinum 65–74 ára notar internet að staðaldri. Á Norðurlöndum liggur notkun þessa hóps á bilinu 17–41%, þar sem hún er lægst í Finnlandi en hæst í Danmörku (sjá töflu 5).

Stafræn aðgreining

Hugtakið *stafræn aðgreining* (e. *digital divide*) vísar til þeirrar gjár sem myndast milli þeirra sem ekki hafa tileinkað sér notkun upplýsingatækni og internets og hinna sem hafa tileinkað sér notkunina og hafa þar af leiðandi aðgang að þeim upplýsingum sem hægt er að nálgast um internet og þeim tækifærum sem þar standa til boða.

Stafræn aðgreining með tilliti til menntunar minnst hér á landi

Lengd skólagöngu einstaklinga hefur áhrif á notkun upplýsingatækni og internets. Líkt og fyrri ár var reglubundin notkun internets árið 2006 minnst meðal þeirra sem stysta skólagöngu höfðu en mest meðal þeirra sem lokið höfðu háskólaprófi. Í löndum Evrópusambandsins notaði fjórði hver einstaklingur með stystu skólagönguna, ríflega helmingur einstaklinga sem lokið höfðu stúdentsprófi eða iðnnámi og þrír af hverjum fjórum einstaklingum með háskólapróf internet að staðaldri árið 2006. Það ár var reglubundin notkun internets nokkru algengari á meðal Norðurlandabúa með stystu skólagönguna eða frá 48% í Noregi til 75% á Íslandi. Notkun eykst samhliða aukinni menntun en árið 2006 notuðu á bilinu 71–79% Dana, Finna, Norðmanna og Svía sem lokið höfðu stúdentsprófi eða iðnnámi internet. Í þessum hópi var notkunin algengust meðal Íslendinga eða 86%. Jafnt á Norðurlöndum sem og í Evrópusambandslöndum er algengast að einstaklingar með háskólapróf noti internet að staðaldri. Í Evrópusambandinu notuðu þrír af hverjum fjórum háskólamenntuðum einstaklingum internet árið 2006. Í Finnlandi var hlutfallið 89%, í Danmörku 91%, í Noregi 94% og í Svíþjóð 92%. Hér á landi notuðu nær allir háskólamenntaðir einstaklingar internet að staðaldri árið 2006 eða 97% (sjá töflu 5).

Tæknikunnátta einstaklinga

Í samræmdri rannsókn ársins 2006 var reynt að meta tæknikunnáttu Evrópubúa og fólk spurt hvað af eftirtöldu það hefði gert í tölvu og á interneti:

Í tölvu:

- Tekið afrit eða fært til skjal eða möppu.
- Notað skipanirnar *copy* eða *paste* til að fjölfalda eða færa til upplýsingar inni í skjali.

- Notað *Excel* eða önnur svipuð forrit til útreikninga.
- Þjappað skrá, t.d. með *winzip*.
- Tengt og sett upp ný tæki svo sem prentara eða módem.
- Búið til tölvuforrit með sérstöku forritunarmáli.

Á interneti:


- Notað leitarvél til að leita upplýsinga.
- Sent tölvupóst með viðhengi.
- Sent inn efni á umræðuvefi eða spjallrásir.
- Notað internet fyrir símtöl.
- Notað internet til að skiptast á tónlist, kvikmyndum o.fl.
- Búið til vefsíðu.

Einungis 16% Íslendinga kunna ekkert á tölvur

Niðurstöður sýna að hlutfall einstaklinga með litla sem enga kunnáttu á tölvur er lægst á Íslandi, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Lúxemborg. Árið 2006 sögðust 13% Íslendinga á aldrinum 16–74 ára hafa litla tölvukunnáttu og 16% kunnu ekkert á tölvur. 35% Íslendinga á þessum aldri höfðu miðlungs tölvukunnáttu og svipað hlutfall bjó yfir mikilli kunnáttu í notkun tölvu. Að meðaltali höfðu 41% íbúa ESB-landanna enga kunnáttu í notkun tölvu, 13% höfðu litla kunnáttu, 24% einstaklinga bjuggu yfir miðlungs tölvukunnáttu og 22% kunnu mikið á tölvur. Hæsta hlutfall einstaklinga með enga tölvukunnáttu var í Makedóníu eða 62% (sjá mynd 1 og töflu 4).

Mynd 1. Tölvukunnáttu Evrópubúa 2006

Figure 1. *Europeans' computer skills 2006*



Skýring Note: Hlutfall heildarmannfjölda. *Percent of population.*


Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. *Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.*

Hlutfall einstaklinga með mikla netkunnáttu hæst í Eistlandi

Hlutfall einstaklinga með mikla kunnáttu í internetaðgerðum var hæst meðal Eista eða 21%. Hér á landi höfðu 16% einstaklinga á aldrinum 16–74 ára mikla kunnáttu í notkun internets, 36% bjuggu yfir miðlungskunnáttu og 48% höfðu litla eða enga kunnáttu í notkun internets. Að meðaltali kunnu 43% íbúa ESB-landanna ekki að nota internet árið 2006, 31% höfðu litla kunnáttu í notkun netsins, fimmtungur bjó yfir miðlungs netkunnáttu og 6% höfðu mikla kunnáttu í notkun internets. Hæst hlutfall einstaklinga sem enga þekkingu höfðu í notkun internets var í Búlgaríu eða 72% (sjá mynd 2 og töflu 4).

Mynd 2. Internetkunnátta Evrópubúa 2006

Figure 2. Europeans' Internet skills 2006



Skýring Note: Hlutfall heildarmannfjölda. Percent of population.

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.

Tæknibúnaður fyrirtækja

Nær öll evrópsk fyrirtæki nota tölvu og internet

Evrópsk fyrirtæki hafa nær öll innleitt tölvur og internet í daglega starfsemi sína. Þannig lá hlutfall evrópskra fyrirtækja með tölvu á bilinu 89–100% árið 2006 og 75–99% evrópskra fyrirtækja voru tengd interneti (sjá töflu 6).

Í aðildarlöndum Evrópusambandsins nota 16% fyrirtækja ytra net, 35% innra net og 69% staðarnet

Að meðaltali notuðu 16% fyrirtækja í aðildarlöndum Evrópusambandsins ytra net árið 2006. Hér á landi notaði ríflega fjórðungur fyrirtækja ytra net sem er með því hæsta í Evrópu. Hlutfall íslenskra fyrirtækja með innra net var jafnt meðaltali aðildarlanda Evrópusambandsins eða 35%. Árið 2006 var hlutfall evrópskra fyrirtækja með innra net hæst í Litháen (57%) en lægst í Ungverjalandi (17%). Nær öll fyrirtæki í Lúxemborg (95%) nota staðarnet sem og mikill meirihluti íslenskra, hollenskra, finnskra og danskra fyrirtækja eða á bilinu 85–88%. Almennt séð er notkun staðarnets algeng meðal evrópskra fyrirtækja en árið 2006 notuðu að meðaltali sjö af hverjum tíu fyrirtækjum í aðildarlöndum Evrópusambandsins staðarnet (sjá töflu 6).

Breiðbandstengingar algengastar á Íslandi

Mikill meirihluti nettengdra fyrirtækja notar hraðvirka internettengingu um breiðband. Árið 2006 notuðu átta af hverjum tíu nettengdum fyrirtækjum í aðildarlöndum Evrópusambandsins slíka tengingu. Af evrópskum fyrirtækjum var notkun slíkra tenginga algengust meðal fyrirtækja hér á landi eða 96% en sjaldgæfust var hún meðal nettengdra fyrirtækja í Rúmeníu eða 13% (sjá töflu 7).

Rafræn viðskipti fyrirtækja

Með rafrænum viðskiptum er átt við sölu og kaup um internet, EDI eða aðra rafræna miðla. Viðmiðunartími viðskipta og veltu er árið 2005.

Innkaup um internet

Ríflega fjórðungur fyrirtækja í aðildarlöndum Evrópusambandsins keypti vörur og þjónustu um internet fyrir fjárhæð sem nam að lágmarki 1% af heildarinnkaupum. Hér á landi var hlutfallið ívið hærra eða 38% en hæst var það á Írlandi, Bretlandi og í Noregi þar sem annað hvert fyrirtæki keypti vörur og þjónustu um internet fyrir fjárhæð sem nam að lágmarki 1% af heildarinnkaupum fyrirtækis árið 2005 (sjá töflu 8).


<i>Sala um internet</i>	Árið 2005 seldi um fimmtungur fyrirtækja á Íslandi vörur og þjónustu um internet fyrir fjárhæð sem nam minnst 1% af veltu fyrirtækis. Slík sala um internet var algengust meðal danskra fyrirtækja (34%) en sjaldgæfust meðal fyrirtækja í Búlgaríu, Ítalíu og Lettlandi (2–3%). Að meðaltali seldu 15% fyrirtækja í ESB-löndunum vörur og þjónustu á þennan máta árið 2005 (sjá töflu 8).
<i>Innkaup um EDI eða aðra rafræna miðla en internet</i>	Um 5% fyrirtækja í aðildarlöndum Evrópusambandsins keyptu vörur og þjónustu um EDI eða aðra rafræna miðla en internet fyrir fjárhæð sem nam að lágmarki 1% af heildarinnkaupum fyrirtækis árið 2005. Á Íslandi var hlutfall slíkra fyrirtækja 9% en hæst var það í Bretlandi eða 18% (sjá töflu 8).
<i>Sala um EDI eða aðra rafræna miðla en internet</i>	Hlutfall fyrirtækja í aðildarlöndum Evrópusambandsins sem seldu vörur eða þjónustu um aðra rafræna miðla en internet að fjárhæð 1% eða meira af veltu árið 2005 er 5%. Sama gildir um fyrirtæki hér á landi en 6% þeirra seldu vörur eða þjónustu á þennan máta þetta sama ár. Fyrirtæki á Bretlandi skera sig nokkuð úr hópnun þar sem 20% þeirra seldu vörur eða þjónustu um aðra rafræna miðla en internet að fjárhæð 1% eða meira af veltu árið 2005 (sjá töflu 8).

Rafræn stjórnsýsla

<i>Mæling á framboði opinberrar þjónustu um internet</i>	Fyrirtækið Capgemini Ernst & Young hefur í samvinnu við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins staðið fyrir úttektum á nokkrum þjónustuliðum sem fallið geta undir opinbera þjónustu. Úttektin var gerð í löndum Evrópusambandsins, Íslandi, Noregi og Sviss. Sextán þessara tuttugu þjónustuliða snúa að einstaklingum en átta eiga við um þjónustu við fyrirtæki. Við samanburð milli landa eru löndunum gefin stig eftir því hvort þjónustan er í boði á rafrænan máta og hversu háþrúð hún er. Tölur fyrir hvert land segja því til um hversu stórt hlutfall þessara 20 þjónustuliða er að meðaltali hægt að nálgast á rafrænan máta.
<i>Mest um gagnvirka opinbera þjónustu í Svíþjóð</i>	Samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar var gagnvirk þjónusta hins opinbera lengst á veg komin í Austurríki (83%), Eistlandi (79%), Möltu (75%), Svíþjóð (74%), Noregi (72%) og Bretlandi (71%) árið 2006. Af Norðurlöndunum var gagnvirk þjónusta hins opinbera skemmst á veg komin hér á landi eða 47% á meðan hún náði 61% í Finnlandi, 63% í Danmörku, 72% í Noregi og 74% í Svíþjóð. Af Evrópulöndunum var minnst um gagnvirka opinbera þjónustu um internet í Sviss (11%) og Lettlandi (10%) (sjá töflu 12).
<i>Hvað eru samskipti við hið opinbera?</i>	Með samskiptum við hið opinbera er átt við að einstaklingar og fyrirtæki leita upplýsinga á opinberum vefsíðum, ná sér í eyðublöð frá opinberum aðilum um internet og senda inn útfyllt eyðublöð til opinberra aðila um internet. Tilboð til opinberra aðila um rafræna miðla eins og Rafrænt markaðstorg teljast einnig til samskipta fyrirtækja við hið opinbera.
<i>Nær öll fyrirtæki á Íslandi og í Finnlandi eiga í samskiptum við opinbera aðila um internet</i>	Árið 2006 hafði meirihluti fyrirtækja á evrópska efnahagssvæðinu átt í samskiptum við opinbera aðila um internet. Algengast var að fyrirtæki hér á landi og í Finnlandi hefðu átt í slíkum samskiptum eða 93–95% fyrirtækja. Að meðaltali höfðu 64% fyrirtækja í aðildarlöndum Evrópusambandsins notað internet til samskipta við opinbera aðila (sjá mynd 3 og töflu 9).

Mynd 3. Notkun fyrirtækja á opinberri þjónustu um internet 2006

Figure 3. eGovernment usage by enterprises 2006



Skýringar Notes: Hlutfall allra fyrirtækja. Öll fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri að undanskildum fyrirtækjum í fjármálaþjónustu. Percent of enterprise population. All enterprises with 10 employees or more, without the financial sector.


Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.

Sex af hverjum tíu Íslendingum eiga í samskiptum við hið opinbera um internet

Hlutfall einstaklinga á aldrinum 16–74 ára sem notuðu internet til samskipta við opinbera aðila var hæst hér á Íslandi (61%) og í Noregi (57%) árið 2006. Í Hollandi, Finnlandi, Lúxemborg og Danmörku lá hlutfallið á bilinu 43–52% þetta sama ár. Að meðaltali hafði fjórðungur íbúa Evrópusambandslandanna átt í samskiptum við opinbera aðila um internet árið 2006 (sjá mynd 4 og töflu 9).

Mynd 4. Notkun einstaklinga á opinberri þjónustu um internet 2006

Figure 4. eGovernment usage by individuals 2006



Skýringar Notes: Hlutfall heildarmannfjölda. Tölur um notkun í Svíþjóð eru frá árinu 2005. Percent of population. Data on the use in Sweden is from year 2005.

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.

Mikill áhugi Íslendinga á flestöllum málaflokkum

Niðurstöður rannsóknar Hagstofunnar meðal einstaklinga árið 2006 sýna mikinn áhuga Íslendinga á að nota internet til samskipta við hið opinbera. Þrír af hverjum

fjórum netnotendum vilja hafa möguleika á að nota internet til að skila inn skattframtali¹, við skráningu í framhalds- eða háskóla og til að tilkynna flutningsbúferla. Sjö af hverjum tíu vilja geta skoðað atvinnuauðglýsingar og leitað í spjaldskrár bókasafna á netinu. Tveir af hverjum þremur netnotendum vildu geta nýtt internet til að sækja um félagslegar bætur, vegabréf, ökuskírteini, byggingarleyfi eða vottorð eins og fæðingar- og hjúskaparvottorð og til að ný- eða umskrá bifreið. Af netnotendum vildu 58% geta aflað sér upplýsinga um þjónustu heilbrigðisstofnana eða pantað tíma hjá meðferðaraðilum um internet og helmingur netnotenda gæti hugsað sér að senda lögreglu tilkynningu um internet (sjá töflu 10).

17% einstaklinga kjósa mannleg samskipti fram yfir rafræn

Einstaklingar sem sýndu engan áhuga á að nota internet til samskipta við opinbera aðila voru spurðir um helstu ástæður þess. Af þeim sögðu 17% mannleg samskipti vanta og 15% fannst of flókið að nota internetið til samskipta við opinbera aðila. Allnokkrir, eða 7% treysta ekki internetinu fyrir persónulegum gögnum, 6% sögðu bið eftir svári vera lengri um internet en annars og sama hlutfall gat ekki nálgast um internet þá opinberu þjónustu sem þörf var á. Einungis 2% sögðu tækja- og tengikostnað standa í vegi fyrir þessum möguleika. Flestir aðspurðra sögðu ástæðuna vera aðra en þær sem taldar voru upp eða 62% (sjá töflu 11).

Hugtök

EDI/Electronic data interchange

Bein skjalaskipti milli tölva, þar sem gagnasamskipti fara fram á stöðluðu formi milli tveggja tölvukerfa t.d. EDIFACT sem er staðall fyrir pappírslaus viðskipti.

Innra net

Net innan fyrirtækis sem hefur svipaða virkni og internet og er notað til að skiptast á upplýsingum. Aðgangur að innra neti er takmarkaður við ákveðinn notendahóp svo sem starfsmenn sama fyrirtækis.

Staðarnet

Netkerfi sem er bundið við eina byggingu eða nokkrar byggingar sem liggja nálægt hver annari. Netið tengir saman tölur þannig að notendur skiptast á upplýsingum og samnýta prentara og fleiri þess háttar tæki.

Ytra net

Ytra net merkir örugga gátt að innra neti fyrirtækis. Utanaðkomandi notandi hefur í gegnum þessa gátt aðgang að ákveðnum svæðum innra nets fyrirtækis. Dæmi um slíka notendur eru starfsmenn sem vinna fjarvinnu og notendur netbanka.

¹ Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra er um níu af hverjum tíu skattframtölum einstaklinga skilað inn á rafrænu formi, þar með talin skattframtöl frá endurskoðendum.

English Summary

In the year 2006, the prevalence of an Internet connection at home was most widespread in Iceland compared with other European households. That year 62% of households within the EU had access to the Internet whereas 83% of Icelandic households had access to the Internet. In the first quarter of 2006, 88% of the Icelandic population in the 16–74 age group had used the Internet during the three months preceding the interview. At the same time 54% of EU citizens were Internet users.

The vast majority of enterprises within the EEA use computers and the Internet in their daily work routine. In 2006, at least nine out of every ten enterprises within the EEA used computers and 75–99% of the enterprises had access to the Internet.

This article discusses the access and use of computers and the Internet within Europe. Most of the data was compiled from Eurostat's database in January 2007. The database is freely accessible for everybody on the web site: <http://europa.eu.int/comm/eurostat>.

Merking tákna í töflum *Symbols used within tables*

- núll, þ.e. ekkert. *Nil.*
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er. *Less than half of the unit used.*
- ... upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki marktæk. *Information not available or results not statistically significant.*

Tafla 1. Hlutfall heimila með tölvu og tengingu við internet 2005–2006

Table 1. Households with a computer and an Internet access 2005–2006

Hlutfall heimila <i>Percent of households</i>	Tölva <i>Computer</i>		Internettenging <i>Internet access</i>	
	2005	2006	2005	2006
Austurríki <i>Austria</i>	63	67	47	52
Belgía <i>Belgium</i>	...	57	50	54
Bretland <i>United Kingdom</i>	70	71	60	63
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	...	21	...	17
Danmörk <i>Denmark</i>	84	85	75	79
Eistland <i>Estonia</i>	43	52	39	46
ESB 25 <i>EU 25</i>	58	62	49	51
Finnland <i>Finland</i>	64	71	54	65
Frakkland <i>France</i>	...	56	...	41
Grikkland <i>Greece</i>	33	37	22	23
Holland <i>Netherlands</i>	78	80	78	80
Írland <i>Ireland</i>	55	59	47	50
Ísland <i>Iceland</i>	89	84	84	83
Ítalía <i>Italy</i>	46	48	39	40
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	46	52	32	37
Lettland <i>Latvia</i>	30	41	42	42
Litháen <i>Lithuania</i>	32	40	16	35
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	87	77	77	70
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>	...	25	...	14
Malta <i>Malta</i>	...	61	...	53
Noregur <i>Norway</i>	74	75	64	69
Portúgal <i>Portugal</i>	42	45	31	35
Pólland <i>Poland</i>	40	45	30	36
Rúmenía <i>Romania</i>	61
Slóvakía <i>Slovakia</i>	47	50	23	27
Slóvenía <i>Slovenia</i>	61	65	48	54
Spánn <i>Spain</i>	55	57	36	39
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	80	82	73	77
Tékkland <i>Czech Republic</i>	30	39	19	29
Tyrkland <i>Turkey</i>	12	...	8	...
Ungverjaland <i>Hungary</i>	42	50	22	32
Þýskaland <i>Germany</i>	70	77	62	67

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.

Tafla 2. Heimili með breiðbandstengingar 2006

Table 2. Households using broadband to access the Internet 2006

Hlutfall Percent	Hlutfall allra heimila Percent of all households		Hlutfall nettengdra heimila Percent of households with Internet access	
	2005	2006	2005	2006
Austurríki <i>Austria</i>	23	33	50	63
Belgía <i>Belgium</i>	41	48	81	89
Bretland <i>United Kingdom</i>	32	44	52	70
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	...	10	...	59
Danmörk <i>Denmark</i>	51	63	68	80
Eistland <i>Estonia</i>	30	37	77	80
ESB 25 <i>EU 25</i>	23	32	48	62
Finnland <i>Finland</i>	36	53	67	82
Frakkland <i>France</i>	...	30	...	74
Grikkland <i>Greece</i>	1	4	3	17
Holland <i>Netherlands</i>	54	66	69	82
Írland <i>Ireland</i>	7	13	16	26
Ísland <i>Iceland</i>	63	72	75	87
Ítalía <i>Italy</i>	13	16	34	41
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	4	12	14	34
Lettland <i>Latvia</i>	13	23	30	53
Litháen <i>Lithuania</i>	12	19	73	56
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	39	44	51	63
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>	...	1	...	6
Malta <i>Malta</i>	...	40	...	77
Noregur <i>Norway</i>	41	57	65	83
Portúgal <i>Portugal</i>	20	24	63	68
Pólland <i>Poland</i>	16	22	51	60
Rúmenía <i>Romania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i>	7	11	31	43
Slóvenía <i>Slovenia</i>	19	34	40	62
Spánn <i>Spain</i>	21	29	58	75
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	40	51	55	66
Tékkland <i>Czech Republic</i>	5	17	27	57
Tyrkland <i>Turkey</i>	2	...	23	...
Ungverjaland <i>Hungary</i>	11	22	49	68
Þýskaland <i>Germany</i>	23	34	38	50

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. *Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.*

Tafla 3. Hlutfall einstaklinga sem nota tölvu og internet 2004–2006Table 3. *Individuals' use of a computer and the Internet 2004–2006*

Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>	Notkun tölvu <i>Computer use</i>			Notkun internets <i>Internet use</i>		
	2004	2005	2006	2004	2005	2006
	Austurríki <i>Austria</i>	60	63	68	52	55
Belgía <i>Belgium</i>	67	...	58	62
Bretland <i>United Kingdom</i>	69	72	73	63	66	66
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	23	...	30	16	...	24
Danmörk <i>Denmark</i>	81	83	86	76	77	83
Eistland <i>Estonia</i>	53	60	62	50	59	61
ESB 25 <i>EU 25</i>	55	58	61	46	51	54
Finnland <i>Finland</i>	75	76	80	70	73	77
Frakkland <i>France</i>	55	47
Grikkland <i>Greece</i>	26	29	38	20	22	29
Holland <i>Netherlands</i>	...	83	84	...	79	81
Írland <i>Ireland</i>	41	44	58	34	37	51
Ísland <i>Iceland</i>	85	88	90	82	86	88
Ítalía <i>Italy</i>	39	41	43	31	34	36
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	42	41	44	32	31	34
Lettland <i>Latvia</i>	41	47	53	33	42	50
Litháen <i>Lithuania</i>	37	42	47	29	34	42
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	74	77	76	65	69	71
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>	31	...	34	21	...	25
Malta <i>Malta</i>	43	38
Noregur <i>Norway</i>	79	83	85	75	80	81
Portúgal <i>Portugal</i>	37	40	42	29	32	36
Pólland <i>Poland</i>	40	45	48	29	35	40
Rúmenía <i>Romania</i>	16	12
Slóvakía <i>Slovakia</i>	58	63	61	46	50	50
Slóvenía <i>Slovenia</i>	48	52	57	37	47	51
Spánn <i>Spain</i>	49	52	54	40	44	48
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	86	84	87	82	81	86
Tékkland <i>Czech Republic</i>	42	42	52	32	32	44
Tyrkland <i>Turkey</i>	17	18	...	13	14	...
Ungverjaland <i>Hungary</i>	41	42	54	28	37	45
Þýskaland <i>Germany</i>	70	73	76	61	65	69

SKÝRING Notes: Einstaklingar sem notuðu tölvu eða internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar. *Individuals using computer and/or the Internet in a three months period prior to the survey.*

HEIMILDIR Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. *Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.*

Tafla 4. Tæknikunnátta einstaklinga 2006Table 4. *Individuals' IT skills 2006*

Hlutfall heildarmannfjölda <i>Percent of population</i>	Tölvukunnátta <i>Computer skills</i>				Internetkunnátta <i>Internet skills</i>			
	Engin	Lítill	Meðal	Mikil	Engin	Lítill	Meðal	Mikil
	<i>No basic skills</i>	<i>Low level</i>	<i>Medium level</i>	<i>High level</i>	<i>No basic skills</i>	<i>Low level</i>	<i>Medium level</i>	<i>High level</i>
Austurríki <i>Austria</i>	33	12	24	31	37	36	20	7
Belgía <i>Belgium</i>	40	15	23	22	37	39	19	5
Bretland <i>United Kingdom</i>	35	12	27	26	39	38	18	5
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	70	11	13	6	72	10	13	5
Danmörk <i>Denmark</i>	16	14	32	38	14	40	33	13
Eistland <i>Estonia</i>	47	10	18	25	38	17	24	21
ESB 25 <i>EU 25</i>	41	13	24	22	43	31	20	6
Finnland <i>Finland</i>	27	15	29	29	23	39	28	10
Frakkland <i>France</i>	46	10	23	21
Grikkland <i>Greece</i>	56	14	14	16	65	23	9	3
Holland <i>Netherlands</i>	24	21	48	7	18	44	29	9
Írland <i>Ireland</i>	58	13	10	19	48	42	7	3
Ísland <i>Iceland</i>	16	13	35	36	13	35	36	16
Ítalía <i>Italy</i>	58	8	17	17	63	14	16	7
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	54	9	18	19	66	20	11	3
Lettland <i>Latvia</i>	52	16	20	12	48	29	17	6
Litháen <i>Lithuania</i>	53	11	20	16	55	20	16	9
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	27	11	26	36	28	31	31	10
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>	62	25	10	3	70	21	8	1
Malta <i>Malta</i>	52	9	19	20	59	22	15	4
Noregur <i>Norway</i>	19	16	28	37	21	35	30	14
Portúgal <i>Portugal</i>	57	8	14	21	61	22	13	4
Pólland <i>Poland</i>	55	16	18	11	54	22	17	7
Rúmenía <i>Romania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i>	35	18	30	17	42	34	19	5
Slóvenía <i>Slovenia</i>	42	10	20	28	46	27	19	8
Spánn <i>Spain</i>	47	10	20	23	49	27	20	4
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	19	18	33	30	18	48	26	8
Tékkland <i>Czech Republic</i>	48	16	22	14	52	30	14	4
Tyrkland <i>Turkey</i>
Ungverjaland <i>Hungary</i>	44	10	21	25	51	23	19	7
Þýskaland <i>Germany</i>	25	17	31	27	29	41	25	5

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. *Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.*

Tafla 5. Einstaklingar sem nota internet að staðaldri eftir kyni, aldri og menntun 2006

Table 5. Regular users of the Internet by gender, age and education 2006

Hlutfall heildarmannfjölda					
Percent of population					
	Allir	Karlar	Konur	16–24 ára	25–34 ára
	<i>All</i>	<i>Men</i>	<i>Women</i>	<i>16–24 years</i>	<i>25–34 years</i>
Austurríki <i>Austria</i>	55	61	49	80	71
Belgía <i>Belgium</i>	58	62	54	82	74
Bretland <i>United Kingdom</i>	57	63	51	72	70
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	22	23	21	47	31
Danmörk <i>Denmark</i>	78	80	76	94	93
Eistland <i>Estonia</i>	56	57	56	90	78
ESB 25 <i>EU 25</i>	47	51	42	73	62
Finnland <i>Finland</i>	71	72	70	94	92
Frakkland <i>France</i>	39	42	37	71	59
Grikkland <i>Greece</i>	23	27	18	47	37
Holland <i>Netherlands</i>	76	82	71	96	91
Írland <i>Ireland</i>	44	45	42	59	56
Ísland <i>Iceland</i>	84	86	82	96	94
Ítalía <i>Italy</i>	31	36	26	55	45
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	29	32	27	55	46
Lettland <i>Latvia</i>	46	47	45	86	63
Litháen <i>Lithuania</i>	38	38	37	77	50
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	65	76	55	89	76
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>	21	26	16	51	27
Malta <i>Malta</i>	36	39	33	40	31
Noregur <i>Norway</i>	77	80	73	97	90
Portúgal <i>Portugal</i>	31	35	28	68	48
Pólland <i>Poland</i>	34	36	32	71	49
Rúmenía <i>Romania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i>	43	47	39	72	53
Slóvenía <i>Slovenia</i>	47	51	42	81	72
Spánn <i>Spain</i>	39	44	35	70	55
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	80	84	76	94	91
Tékkland <i>Czech Republic</i>	36	38	33	65	44
Tyrkland <i>Turkey</i>
Ungverjaland <i>Hungary</i>	42	43	40	74	55
Þýskaland <i>Germany</i>	59	65	54	83	80

Skýring Note: Með notkun að staðaldri er átt við að viðkomandi hafi notað internet að jafnaði a.m.k. einu sinni í viku á undangengnum þremur mánuðum. Regular use is at least once a week in a three months period prior to the survey.

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.

35–44 ára <i>35–44 years</i>	45–54 ára <i>45–54 years</i>	55–64 ára <i>55–64 years</i>	65–74 ára <i>65–74 years</i>	Lokið skyldunámi <i>Primary education</i>	Stúdent eða iðnnám <i>Secondary education</i>	Nám á háskólastigi <i>Tertiary education</i>
63	53	33	13	33	57	81
68	61	37	13	37	63	83
70	58	43	19	20	62	82
24	17	6	1	10	18	53
86	82	64	41	66	79	91
65	49	26	...	45	52	75
55	44	29	10	25	53	77
84	72	51	17	56	71	89
49	36	24	...	23	59	77
27	15	7	1	5	28	55
86	80	54	34	56	83	93
48	38	22	9	19	47	74
91	84	75	34	75	86	97
37	29	13	4	12	48	67
...
29	16	10	3	10	27	59
50	36	18	4	32	39	79
38	28	11	3	30	27	72
72	66	49	22	43	72	91
15	9	13	23	41
40	36	35	36	37	36	30
85	78	62	25	48	74	94
32	20	9	...	16	74	83
35	23	12	2	28	29	72
...
47	39	15	1	35	40	79
57	33	17	5	19	47	87
43	33	15	4	17	55	73
...
91	84	67	39	67	78	92
42	32	17	4	29	31	76
...
78	36	21	6	19	57	77
70	60	40	18	50	59	73

Tafla 6. Tæknibúnaður fyrirtækja 2006Table 6. *Enterprises' IC technology 2006*

Hlutfall allra fyrirtækja <i>Percent of enterprise population</i>	Tölva <i>Computer</i>	Internettenging <i>Internet access</i>	Ytra net <i>Extranet</i>	Innra net <i>Intranet</i>	Staðarnet <i>LAN</i>
Austurríki <i>Austria</i>	98	98	19	41	68
Belgía <i>Belgium</i>	97	95	28	45	81
Bretland <i>United Kingdom</i>	96	93	10	34	73
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	89	75	4	35	53
Danmörk <i>Denmark</i>	98	98	22	35	85
Eistland <i>Estonia</i>	94	92	12	35	53
ESB 25 <i>EU 25</i>	97	93	16	35	69
Finnland <i>Finland</i>	99	99	25	39	88
Frakkland <i>France</i>	99	94	22	40	53
Grikkland <i>Greece</i>	97	94	11	39	70
Holland <i>Netherlands</i>	100	97	15	36	88
Írland <i>Ireland</i>	97	94	18	46	62
Ísland <i>Iceland</i>	100	99	27	35	88
Ítalía <i>Italy</i>	96	93	13	33	60
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	95	86	7	21	79
Lettland <i>Latvia</i>	92	80	8	22	68
Litháen <i>Lithuania</i>	92	88	8	57	44
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	98	93	25	44	95
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>
Malta <i>Malta</i> ¹	93	90	23	43	71
Noregur <i>Norway</i>	97	94	16	34	78
Portúgal <i>Portugal</i>	95	83	20	33	35
Pólland <i>Poland</i>	93	89	7	30	59
Rúmenía <i>Romania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i>	97	93	12	31	61
Slóvenía <i>Slovenia</i>	97	96	13	27	78
Spánn <i>Spain</i>	98	93	13	28	71
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	96	96	20	43	78
Tékkland <i>Czech Republic</i>	97	95	7	23	68
Tyrkland <i>Turkey</i>
Ungverjaland <i>Hungary</i>	89	80	4	17	52
Þýskaland <i>Germany</i>	96	95	24	41	80

SKÝRING Note: Öll fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri að undanskildum fyrirtækjum í fjármálaþjónustu. *All enterprises with 10 employees or more, without the financial sector.*

¹ Tölur eru frá árinu 2005. *Data from year 2005.*

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. *Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.*

Tafla 7. Fyrirtæki með breiðbandstengingar 2006Tafla 7. *Enterprises using broadband to access the Internet 2006*

Hlutfall <i>Percent</i>	Hlutfall allra fyrirtækja <i>Percent of all enterprises</i>	Hlutfall nettengdra fyrirtækja <i>Percent of enterprises with Internet access</i>
Austurríki <i>Austria</i>	69	71
Belgía <i>Belgium</i>	84	89
Bretland <i>United Kingdom</i>	77	83
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	57	76
Danmörk <i>Denmark</i>	83	84
Eistland <i>Estonia</i>	76	82
ESB 25 <i>EU 25</i>	74	80
Finnland <i>Finland</i>	89	90
Frakkland <i>France</i>	86	92
Grikkland <i>Greece</i>	58	62
Holland <i>Netherlands</i>	82	84
Írland <i>Ireland</i>	61	64
Ísland <i>Iceland</i>	95	96
Ítalía <i>Italy</i>	70	75
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	55	63
Lettland <i>Latvia</i>	59	74
Litháen <i>Lithuania</i>	57	65
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	76	81
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>
Malta <i>Malta</i> ¹	78	87
Noregur <i>Norway</i>	86	91
Portúgal <i>Portugal</i>	66	79
Pólland <i>Poland</i>	46	52
Rúmenía <i>Romania</i> ²	7	13
Slóvakía <i>Slovakia</i>	61	65
Slóvenía <i>Slovenia</i>	75	78
Spánn <i>Spain</i>	87	94
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	89	92
Tékkland <i>Czech Republic</i>	69	73
Tyrkland <i>Turkey</i>
Ungverjaland <i>Hungary</i>	61	77
Þýskaland <i>Germany</i>	73	77

SKýring *Note:* Öll fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri að undanskildum fyrirtækjum í fjármálaþjónustu. *All enterprises with 10 employees or more, without the financial sector.*

¹ Tölur eru frá árinu 2005. *Data from year 2005.*

² Tölur eru frá árinu 2004. *Data from year 2004.*

Heimildir *Sources:* Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. *Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.*

Tafla 8. Rafræn viðskipti fyrirtækja 2006

Table 8. eCommerce within enterprises 2006

Hlutfall allra fyrirtækja. Percent of enterprise population	Rafræn viðskipti um			
	Rafræn viðskipti um internet eCommerce via Internet		EDI eða aðra miðla en internet eCommerce via EDI or other networks than Internet	
	Innkaup $\geq 1\%$ af heildarinnk.	Sala $\geq 1\%$ af veltu	Innkaup $\geq 1\%$ af heildarinnk.	Sala $\geq 1\%$ af veltu
	<i>Purchases $\geq 1\%$ total purch.</i>	<i>Sales $\geq 1\%$ of turnover</i>	<i>Purchases $\geq 1\%$ of total purch.</i>	<i>Sales $\geq 1\%$ of turnover</i>
Austurríki <i>Austria</i>	37	15	5	3
Belgía <i>Belgium</i>	16	15	4	4
Bretland <i>United Kingdom</i>	51	30	18	20
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	3	2	0	0
Danmörk <i>Denmark</i>	34	34	7	9
Eistland <i>Estonia</i>	17	14	3	2
ESB 25 <i>EU 25</i>	28	15	5	5
Finnland <i>Finland</i>	23	14	6	7
Frakkland <i>France</i>	21	18	4	7
Grikkland <i>Greece</i>	11	7	3	2
Holland <i>Netherlands</i>	32	23	3	4
Írland <i>Ireland</i>	53	23	4	3
Ísland <i>Iceland</i>	38	22	9	6
Ítalía <i>Italy</i>	10	3	1	1
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	10	6	0	0
Lettland <i>Latvia</i>	3	2	0	0
Litháen <i>Lithuania</i>	17	13	0	1
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	30	11	4	3
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>
Malta <i>Malta</i> ¹	33	16	3	2
Noregur <i>Norway</i>	49	28	11	7
Portúgal <i>Portugal</i>	14	7	4	2
Pólland <i>Poland</i>	16	9	4	4
Rúmenía <i>Romania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i> ¹	7	7	1	1
Slóvenía <i>Slovenia</i>	18	11	1	1
Spánn <i>Spain</i>	14	8	2	1
Sviss <i>Switzerland</i>	44
Svíþjóð <i>Sweden</i>	44	24	6	5
Tékkland <i>Czech Republic</i>	17	8	2	3
Tyrkland <i>Turkey</i>
Ungverjaland <i>Hungary</i>	11	9	2	1
býskaland <i>Germany</i>	48	18	5	3

Skýring Note: Öll fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri að undanskildum fyrirtækjum í fjármálaþjónustu. All enterprises with 10 employees or more, without the financial sector. Reference time for business is the year prior to the survey.

¹ Tölur eru frá árinu 2005. Data from year 2005.

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.

Tafla 9. Notkun opinberrar þjónustu um internet 2002–2006Table 9. *eGovernment usage 2002–2006*

Hlutfall <i>Percent</i>	Einstaklingar - hlutfall heildarmannfjöldu <i>Individuals - Percent of population</i>					Fyrirtæki - hlutfall allra fyrirtækja <i>Enterprises - percent of enterprise population</i>			
	2002	2003	2004	2005	2006	2003	2004	2005	2006
Austurríki <i>Austria</i>	11	20	21	29	33	81	74	75	81
Belgía <i>Belgium</i>	18	30	...	60	61	59
Bretland <i>United Kingdom</i>	...	21	22	24	...	29	33	39	52
Búlgaría <i>Bulgaria</i>	5	...	8	...	38	32	46
Danmörk <i>Denmark</i>	37	40	44	...	43	75	85	87	87
Eistland <i>Estonia</i>	20	31	29	...	84	70	69
ESB 25 <i>EU 25</i>	23	24	...	52	57	64
Finnland <i>Finland</i>	34	40	45	47	47	89	91	91	93
Frakkland <i>France</i>	66
Grikkland <i>Greece</i>	8	7	9	...	77	81	84
Holland <i>Netherlands</i>	46	52	41	47	57	70
Írland <i>Ireland</i>	14	18	26	...	69	76	84
Ísland <i>Iceland</i>	...	56	58	55	61	97	95
Ítalía <i>Italy</i>	14	16	...	65	73	87
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	11	11	13	...	35	40	44
Lettland <i>Latvia</i>	13	13	25	...	40	35	40
Litháen <i>Lithuania</i>	...	7	10	12	13	...	65	72	76
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	16	28	45	46	46	65	71	...	83
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>	15
Malta <i>Malta</i>	16	68	...
Noregur <i>Norway</i>	...	43	37	52	57	65	69	84	74
Portúgal <i>Portugal</i>	13	14	17	...	57	58	60
Pólland <i>Poland</i>	13	13	6	...	74	64	61
Rúmenía <i>Romania</i>	31
Slóvakía <i>Slovakia</i>	25	27	32	...	47	57	77
Slóvenía <i>Slovenia</i>	13	19	30	...	47	72	75
Spánn <i>Spain</i>	25	44	50	55	58
Sviss <i>Switzerland</i>
Svíþjóð <i>Sweden</i>	42	44	39	52	...	89	92	80	80
Tékkland <i>Czech Republic</i>	7	5	17	...	75	79	76
Tyrkland <i>Turkey</i>	6	6
Ungverjaland <i>Hungary</i>	16	18	17	...	35	67	45
Þýskaland <i>Germany</i>	17	26	33	...	32	35	36	44	49

Skýring Note: Öll fyrirtæki með 10 starfsmenn eða fleiri að undanskildum fyrirtækjum í fjármálaþjónustu. *All enterprises with 10 employees or more, without the financial sector. Reference time for business is the year prior to the survey.*

Heimildir Sources: Eurostat, janúar 2007 og Hagstofa Íslands. *Eurostat, January 2007 and Statistics Iceland.*

Tafla 10. Opinber þjónusta sem einstaklingar hafa sótt eða vildu sækja um internet 2006

Table 10. Public services, with which individuals have dealt with or would like to deal with via the Internet 2006

Hlutfall netnotenda Percent of Internet users	Allir All	Karlar Men	Konur Women	16–24 ára 16–24 years	25–34 ára 25–34 years	35–44 ára 35–44 years
Skattframtal Tax return	75	80	70	68	87	79
Atvinnuleit Job search	70	72	68	68	82	76
Sækja um félagslegar bætur Social security benefits	67	69	64	59	79	73
Sækja um vegabréf eða ökurskírteini Apply for drivers licence, passport etc.	66	69	62	56	77	73
Nýskrá eða umskrá bíl Car registration	66	70	63	57	76	74
Sækja um byggingarleyfi Apply for a building permission	63	69	58	51	75	72
Senda tilkynningu til lögreglu Send a declaration to the police	48	52	44	38	58	54
Leita í spjaldskrá bókasafna Library search e.g. catalogues	71	73	68	68	80	74
Sækja um vottorð (fæðingar- eða hjúskaparvottorð) Request a delivery of certificates	64	66	61	53	77	70
Innskráning í framhalds- eða háskóla Enrolment in higher education or university	73	74	72	67	86	78
Senda inn flutningstilkynningu Announce a change of address	74	78	71	67	86	79
Fyrir heilsutengda þjónustu (svo sem upplýsingar um þjónustu heilbrigðisstofnana eða tímapantanir) For interactive advice and other health-related services	58	60	55	56	66	63

Tafla 11. Ástæður þess að einstaklingar nota ekki internet til samskipta við opinbera aðila 2006

Table 11. Reasons for no interaction with public authorities via the Internet 2006

Hlutfall netnotenda sem áttu ekki í samskiptum við opinbera aðila Percent of those, not interacting with public authorities via Internet	Allir All	Karlar Men	Konur Women	16–24 ára 16–24 years	25–34 ára 25–34 years	35–44 ára 35–44 years
Þjónustan ekki í boði eða óaðgengileg á interneti Service not available online or difficult to find	6	7	5	6	3	6
Saknar mannlegra samskipta Personal contact is missing	17	14	20	7	23	16
Svör fást ekki strax Immediate response is missing	6	5	7	6	6	10
Treystir interneti ekki fyrir persónulegum gögnum Concerned about protection and security of pers. data	7	7	7	5	9	10
Aukalegur kostnaður (tæki, tenging) Additional costs e.g. connection cost	2	3	2	3	0	2
Of flókið Too complex	15	13	16	11	11	11
Aðrar ástæður Other reasons	62	67	59	80	66	65

45–54 ára <i>45–54 years</i>	55–64 ára <i>55–64 years</i>	65–74 ára <i>65–74 years</i>	Lokið skyldunámi <i>Primary education</i>	Stúdent eða iðnnám <i>Secondary education</i>	Nám á háskólastigi <i>Tertiary education</i>
75	68	53	62	79	88
67	57	33	58	72	83
66	57	41	51	70	84
66	56	35	51	69	81
68	59	35	52	69	82
63	56	37	50	66	77
48	40	35	34	51	63
68	63	56	57	72	88
63	57	32	50	64	81
71	63	45	59	76	87
73	68	54	61	77	89
54	48	39	48	57	71

45–54 ára <i>45–54 years</i>	55–64 ára <i>55–64 years</i>	65–74 ára <i>65–74 years</i>	Lokið skyldunámi <i>Primary education</i>	Stúdent eða iðnnám <i>Secondary education</i>	Nám á háskólastigi <i>Tertiary education</i>
8	6	–	6	4	13
18	31	14	14	17	38
5	6	–	7	4	4
7	6	5	8	6	4
2	4	–	2	1	–
18	19	28	17	15	–
49	46	58	64	63	48

Tafla 12. Opinber þjónusta um internet 2002–2006Table 12. *eGovernment availability 2002–2006*

Hlutfall <i>Percent</i>	2002	2003	2004	2006
Austurríki <i>Austria</i>	20	68	72	83
Belgía <i>Belgium</i>	25	35	35	47
Bretland <i>United Kingdom</i>	33	50	59	71
Búlgaría <i>Bulgaria</i>
Danmörk <i>Denmark</i>	61	72	58	63
Eistland <i>Estonia</i>	63	79
ESB 25 <i>EU 25</i>	41	50
Finnland <i>Finland</i>	50	61	67	61
Frakkland <i>France</i>	35	45	50	65
Grikkland <i>Greece</i>	32	32	32	30
Holland <i>Netherlands</i>	21	26	32	53
Írland <i>Ireland</i>	50	56	50	50
Ísland <i>Iceland</i>	28	28	50	47
Ítalía <i>Italy</i>	35	45	53	58
Króatía <i>Croatia</i>
Kýpur <i>Cyprus</i>	25	35
Lettland <i>Latvia</i>	5	10
Litháen <i>Lithuania</i>	40	40
Lúxemborg <i>Luxembourg</i>	5	15	20	20
Makedónía <i>Macedonia FYRM</i>
Malta <i>Malta</i>	40	75
Noregur <i>Norway</i>	35	47	56	72
Portúgal <i>Portugal</i>	32	37	40	60
Pólland <i>Poland</i>	10	20
Rúmenía <i>Romania</i>
Slóvakía <i>Slovakia</i>	15	20
Slóvenía <i>Slovenia</i>	45	65
Spánn <i>Spain</i>	40	50	55	55
Sviss <i>Switzerland</i>	6	11
Svíþjóð <i>Sweden</i>	67	67	74	74
Tékkland <i>Czech Republic</i>	30	30
Tyrkland <i>Turkey</i>
Ungverjaland <i>Hungary</i>	15	50
Þýskaland <i>Germany</i>	35	40	47	47

Heimild Source: Eurostat, janúar 2007. *Eurostat, January 2007.*

Hagtiðindi **Upplýsingatækni**
Statistical Series **Information technology**

92. árgangur nr. 18

ISSN 0019-1078

2007:1

ISSN 1670-4592 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4606 (pdf)

Verð ISK 800 *Price EUR 11*

Umsjón *Supervised by* Guðfinna Harðardóttir • guðfinna.hardardottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

afgreidsla@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series